

2. júl. 2010

Tilmæli TN 10-1 til SFF f.h. aðildarfyrirtækja: Lægri föst krónutala verði innheimt til bráðabirgða af lánum sem vafi leikur á hvort falli undir fordæmisáhrif nýlegra gengisdóma Hæstaréttar

Talsmaður neytenda hefur í dag sent tilmæli til fjármálafyrirtækja í gegnum hagsmunasamtök þeirra sem eiga að milda bráðabirgðaáhrif umdeilda tilmæla frá FME og SÍ á afborganir neytenda þar til dómstólar skera úr ágreiningi um hvað felist í fordæmi Hæstaréttar.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)
Guðjón Rúnarsson
Borgartún 35, 2. hæð
105 Reykjavík

Reykjavík, 02.07.2010

Tilv. 2008/0013 - 2.1 j
GT

Tilmæli frá talsmanni neytenda (TN 10-1)

Efni: Tilmæli til SFF f.h. aðildarfyrirtækja að um að lægri föst krónutala verði innheimt til bráðabirgða af lánum sem vafi leikur á hvort falli undir fordæmisáhrif nýlegra gengisdóma Hæstaréttar

Að gefnu tilefni og að teknu tilliti til sjónarmiða, sem talsmaður neytenda hefur leitað eftir hjá samtökunum, er eftirfarandi tilmælum vinsamlegast beint til Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) sem fulltrúa fjármálafyrirtækja á neytendamarkaði:

SFF hvetji aðildarfyrirtækin til þess að innheimta aðeins tiltekna krónutölu miðað við hverja milljón króna af upphaflegum höfuðstól lána ef vafi er talinn leika á hvort lánaskilmálar falli undir fordæmisáhrif dóma Hæstaréttar frá 16. júní sl. í málum þar sem gengistrygging var dæmd ólögmæt samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Þetta fyrirkomulag, sem er hagstæðara neytendum en umdeild tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní sl., gildi þar til endanlegt fordæmi dómstóls fæst í þeim ágreiningi sem upp er kominn um hvort eitthvað - og þá hvað - geti komið í stað hinnar ólögmætu gengistryggingar.

Virðingarfyllst,

talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

Afrit:

Fjármálaeftirlitið.

Seðlabanki Íslands.

Heimilt er að birta merki talsmanns neytenda með fréttum af vef embættisins - www.tn.is - en óskað er eftir því að þeirrar heimildar sé getið.

